



Varðar: Brú yfir Fossvog – umsókn um framkvæmdaleyfi

Lögð fram umsókn Elísbetar Rúnarsdóttur f.h. Vegagerðarinnar, dags. 22. apríl 2024, ásamt bréfi Vegagerðarinnar, dags. 19. apríl 2024, um framkvæmdaleyfi vegna vinnu við landfyllingar vegna brúargerðar yfir Fossvog. Einnig lagt fram teikningasett Eflu dags. í apríl 2024, umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 31. janúar 2024, umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 15. janúar 2024, umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 24. janúar 2024, umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 16. janúar 2024 og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, dags. 30. apríl 2020.



Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2040.



Hluti gildandi deiliskipulags.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er svæðið staðsett á skilgreindu strandsvæði Nauthólsvíkur.

Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir brú yfir Fossvog, dags. samþ. í borgarstjórn 31. janúar 2019 með síðari breytingum.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Nauthólsvík, dags. samþ. í borgarstjórn 6. október 1998 með síðari breytingum.

Lýsing á framkvæmd

Brú yfir Fossvog er hluti af 1. áfanga uppbyggingar vegna Borgarlinu en um er ræða lágreista brú með akrein almenningsvagna í miðju og aðskildum stígum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur til hliðar. Á landfyllingum sitt hvoru megin brúarinnar verða áningarstaðir ásamt tengingu brúarinnar við önnur samgöngukerfi.

Brúin verður í fimm höfum og verða endastöplar grundaðir á landfyllingar á staurum sem reknir verða niður í fyllinguna. Að auki verða fjórir millistöplar grundaðir með staurum sem reknir verða niður í setlögina að föstum botni. Burðarvirki verður úr stáli. Heildarlengd brúarinnar verður um 270 m.

Leiðir fyrir mismunandi fararmáta verða aðskildar og tekur hönnun brúarinnar mið af algildri hönnun og er brúin með litlum langhalla og bekkjum. Við norðurenda brúarinnar verður sett umferðarljósastýring þar sem borgarlínubrautin mun þvera göngu- og hjólastíga.

Við hönnun brúarinnar er lögð áhersla á að lágmarka vindhraða á brúardekkinu og útfærsla burðarkerfis skýli vegfarendum.


Samkvæmt umsókn er við gerð nýrrar landfyllingar við flugbrautarenda áætlað að taka upp núverandi ölduvörn og bæta við fyllingarefni á núverandi kant og endurhlaða ölduvörn þar utan á. Það magn jarðefna sem áætlað er í landfyllinguna er:

Burðarhæft fyllingarefni 68.000 m³

Sprengt grjót í kjarna við ölduvörn 12.200 m³

Hleðslugrjót í ölduvörn 7.100 m³

Gerð verður krafa um að verktaki kaupri aðeins efni úr námum sem eru á aðalskipulagi Reykjavíkur og hafi nauðsynleg starfsleyfi.



Þversnið sjóvarnar.

Umsögn

Erindið er framkvæmdaleyfisskilt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar, þar sem um er að ræða brú og landfyllingu.

Í álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum dags. 30. apríl 2020 segir að framkvæmdin teljist umfangsmikil en núverandi fjara þar sem landfyllingar verða gerðar eru að langmestu leyti manngerðar. Þær fjörulífverur sem eru á raxsvæðunum munu missa búsvæði sín en góðar líkur eru á að núverandi fjöruvistgerðir nái sér aftur á strik á nýjum landfyllingum með tímanum. Þá er ljóst að fyrirhuguð brú mun hafa í för með sér ásyndarbreytingar í Fossvogi en brúin kemur til með að sjást víða að. Hins vegar, segir í álitni Skipulagsstofnunar, að líta beri til þess að um er að ræða mannvirki í þéttbýli þannig að líkur eru á að lítið verði á hana sem hluta af hinu manngerða borgarlandslagi.


Neikvæð áhrif verða mest á framkvæmdartíma. Þá má búast við ónæði vegna fyrirhugaðra framkvæmda og vegna efnisflutninga að framkvæmdasvæðinu. Eðli málsins samkvæmt verður hér um tímabundin áhrif að ræða.

Framkvæmdatími: Framkvæmdatími er áætlaður 3 ár en áætlað er að vinna við gerð landfyllingar hefjist í byrjun sumars 2024 og að endanleg verklok verði árið 2027.

Framkvæmdin er í samræmi við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Hún nær yfir og er í samræmi við tvær gildandi deiliskipulagsáætlanir, þ.e. deiliskipulag fyrir brú yfir Fossvog og deiliskipulag Nauthólsvíkur.

Gert er ráð fyrir fyrirhugaðri landfyllingu í *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040* og er afmörkun og umfang hennar innan svæðis sem er skilgreint þar sem strandsvæði (ST3, Nauthólsvík – Strandsvæði).

Framkvæmdin er í samræmi við gildandi deiliskipulagsáætlun fyrir brú yfir Fossvog og deiliskipulag Nauthólsvíkur. Þar er gert grein fyrir afmörkun og umfangi landfyllingar.



Yfirlitsmynd framkvæmda.

Niðurstaða

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd við gerð landfyllingar vegna Fossvogsbrúar og brúargerðar.

Framkvæmdaleyfið er gefið út til 30.12. 2027 í samræmi við framkvæmdaáætlun. En verði á breytingar á áætlun, þ.e. ef framkvæmdir tefjast að miklu leyti, þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdarleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum: Virða skal allar reglur og leiðbeiningar um merkingar, hávaða og rask þannig að framkvæmdin valdi eins lítilli truflun og hægt er. Einnig skal tryggja að aðkoma og vinnusvæði sé snyrtilegt. Huga skal sérstaklega að hávaða við framkvæmdina, til að auka ekki á álag vegna hávaðamengunar sem þegar berst frá flugvallarsvæðinu. Gæta skal þess að umferð gangandi og hjólandi skerðist ekki á neinn hátt vegna umferðar með landfyllingarefni.

Leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif eins og unnt er. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að mengandi efni berist frá framkvæmdum t.d. af völdum olíu og annarra efna sem geta losnað út í umhverfið meðan á framkvæmdum stendur. Jafnframt að framkvæmdaaðilar séu vel upplýstir um umhverfismál áður en framkvæmdir hefjast.

Tryggja þarf á framkvæmdartíma að svæðið Kyrhamar haldist óraskað og huga þarf að því að athafnir tengdar framkvæmdinni raski ekki nálægum fjöru- og leirusvæðum. Taka þarf tillit til skotbyrgis sem er nálægt svæðinu vestan við ylströndina í Nauthólsvík (220-117) til að koma í veg fyrir að það raskist af vangá.

Þar sem að fyrirhugaðri landfyllingu liggja lagnir Veitna skal hafa fullt samráð við Veitur við gerð hennar svo hægt sé að gera ráðstafanir vegna þeirra í framkvæmdinni.

Setja þarf upp upplýsingaskilti við framkvæmdastað sem lýsir fyrirhugaðri framkvæmd á myndrænan hátt ásamt því að vera með upplýsingar um framkvæmdatíma og tengilið sem getur veitt nánari upplýsingar um framkvæmdina sjálfa. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að upplýsa alla hagaðila næst framkvæmdastað bréflaga um framkvæmdina þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdinni á uppdrætti henni lýst í stuttu máli og gefnar upp upplýsingar um upphaf framkvæmda og áætluð verklok.

Fyrirhuguð landfylling nær ekki yfir þekktar fornminjar en rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis af borgarlandi hjá umhverfis- og skipulagssviði. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.

Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri hjá skipulagsfulltrúa.